

1869.

22. maí.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leigur af kornláni til suðuramtsins.

Í bréfi dagsettu 9. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt til bráðabirgða frá, hvernig þeim 5000 rd., sem veittir voru með bréfi dómsmálastjórnarinnar 3. ágústmán. f. á. til þess að afstýra hallæri í suðuramtinu á Íslandi, hafi verið varið, og hafið þér sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að leigan er reiknuð í skuldabréfum þeim, sem hlutaðeigandi sveitir hafa gefið fyrir kornlánum, er þær hafa fengið, frá þeim degi, er skuldabréfin eru dagsett, jafnvel þó að sá dagur hafi ekki altaf borið uppá sama dag og peningarnir hafa verið borgaðir úr ríkissjóðnum.

Útaf þessa skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að samkvæmt því, sem þér hafið fært til, hefir dómsmálastjórnin ekki neitt á móti ákvörðun yðar um þetta efni.

29. maí.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, hvort málaflutningsmenn megi mæta í umboði málspartanna fyrir sáttanefndum.

Með bréfi dagsettu 18. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem háyfirdómarinn í yfirdóminum á Íslandi, Þórður Jónasson, biður um vísbendingu frá dómsmálastjórninni um, hvort málaflutningsmönnum í Danmörku sé leyft í öðrum tilfellum, en þeim, sem sérstaklega eru undan skilin, að mæta fyrir sáttanefndunum í umboði þeirra málsparta, sem eru viðstaddir í sáttanefndar-umdæminu, og, sé svo, hvort málaflutningsmönnum, sem eru settir við yfirdóminn á Íslandi á líkan hátt sé heimilt að mæta fyrir sáttanefnd Reykjavíkur kaupstaðar. Hafið þér borið undir dómsmálastjórnina, hvort henni virðist tilefni til að gefa yfirdóminum vísbendingu um, hvort málaflutningsmönnum í Danmörk hefir verið veitt almennt leyfi til at mæta fyrir sáttanefndun-